

samkvæmt heimildum í þeim ákvæðum er ekki fullnægt um starfræksluna, land eða tæki, sem notað er.

16. gr.

Málsmeðferð og viðurlög.

1. Með mál, sem rís út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.
2. Fyrir brot gegn reglugerð þessari eða fyrirmælum gefnum samkvæmt henni, skal refsa með sektum, en með varðhaldi ef miklar sakir eru.
3. Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið dagsektir, allt að kr. 2000.00 þar til úr verður bætt. Ef nokkur vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta hann síðan hjá hlutaðeigandi. Kostnað og dagsektir má innheimta með lögtaki. Dagsektir renna í sveitarsjóð.

17. gr.

Gildistaka.

1. Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 12 frá 17. mars 1969 um hollustu-hætti og heilbrigðiseftirlit, og öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1974.

Magnús Kjartansson.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING**um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Selfoss.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 23. maí 1974 staðfest breyting á aðalskipulagi Selfoss.

Skipulagsuppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Selfosshrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.